



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2019

Tilvísun: 201910-0009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar – 232. mál

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tekur undir mikilvægi þess að gefa út með vönduðum hætti skjöl eða skjalaflokka sem tengjast helstu stofnunum Íslands s.s. Alþingis, stjórnarsýslu, dómskerfis, kirkjunnar o.fl. enda auðveldar það rannsóknir á sögu landsins og heimildagildi slíks efnis er ótvírætt eins og segir í tillögunni.

En í stað þess að gefa dóma og skjöl Yfirréttarins á Íslandi út í 10 binda verki á prenti, er lagt til að gerður verði gagnagrunnur og vefsíða sem er opin öllum, þar sem almenningur og rannsakendur eiga auðvelt með að nálgast efnið, leita í því, tengja saman, lesa það og prenta út ef þarf.

Virðingarfyllt

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

landsbókavörður



Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. Nóvember 2019

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar - 232. Mál

Með vísan í umsagnarbeiðni 10927 sendir Sögufélag hér álit sitt og umsögn um þingsályktunartillögu um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi.

Í lögum Sögufélags segir svo í 2. grein: „Markmið félagsins er að gefa út tímarit, heimildarit og annað efni um sagnfræði og söguleg efni, einkum um sögu Íslands.“ Stofnun Sögufélags árið 1902 er í raun sprottin af þeirri þörf íslenskra mennta- og ráðamanna að gefa út heimildir um sögu þjóðarinnar sem þóttu mikilvægar til skilnings á fortíð Íslendinga og baráttu þeirra fyrir sjálfstæði. Heimildaútgáfa hefur því frá upphafi verið lykilhlutverk Sögufélags. Með útgáfu Alþingisbóka, skjala Landsnefndarinnar fyrri, Jarðabóka Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Sýslu- og sóknalýsinga, og fjölda annarra rita og ritraða hefur sagnfræðingum jafnt sem áhugamönnum um sögu verið veittur greiður aðgangur að merkilegum heimildum sem varpa ljósi á fortíð Íslendinga.

Ótvírætt má telja mikilvægi skjala Yfirréttarins sem heimildir um marga þætti samfélagsins eins og réttarheimildir eru í raun þjóðarspegill á sinn hátt. Fyrirætlanir um þessa útgáfu hófust enda fyrir nálægt þremur áratugum og þegar er komið út fyrsta bindi verksins. Sögufélag fagnar því að nú sé möguleiki á að halda áfram þessu verki og styður þær fyrirætlanir heilshugar. Rétt er einnig að horfa til afar farsæls samstarfs Sögufélags og Þjóðskjalasafns Íslands, ásamt ríkisskjalasafni Danmerkur, í útgáfu Landsnefndarskjalanna, en þar hafa fræðimenn Þjóðskjalasafns lyft grettistaki í vinnslu heimilda til að veita almenningi greiðan aðgang að þeim, hvort tveggja í prentuðu og stafrænu formi.

Heimildasöfnin sem Sögufélag hefur gefið út eða átt aðild að útgáfu á hafa hingað til flest verið gefin út á prenti en nú er svo komið að möguleikar á stafrænni útgáfu eru margir, hvort heldur er í formi hefðbundinna rafbóka eða gagnagrunna. Sögufélag hefur undanfarið unnið að stefnumótun í starfi sínu og útgáfu með hliðsjón af þessum breytingum og horfir til þess að gefa út heimildir og rit jöfnum höndum í prentuðu og stafrænu formi sé þess nokkur kostur og ef rekstrargrundvöllur félagsins leyfir. Einnig hefur mikið verið rætt um framtíð tímaritsins *Sögu* og formið á útgáfu þess, hvort stefna eigi að eingöngu rafrænni útgáfu eður ei.

Stafræn gögn og varsla þeirra er sannarlega framtíðin og í útgáfu teljum við afar mikilvægt að koma til móts við ólíkar þarfir neytenda, hvort sem óskað er eftir stafrænum eða prentuðum

SÖGUFÉLAG



1902

gögnum. Sala á heimildaútgáfum Sögufélags hefur einmitt leitt í ljós að enn er eftirspurn eftir prentuðum útgáfum, Alþingisbækur eru t.a.m. enn keyptar. Reyndar er það svo að margar af heimildaútgáfum Sögufélags eru uppseldar.

Þá teljum við einnig mikilvægt að horfa til varðveislu gagna til langs tíma. Varðveisla stafrænna gagna getur verið mikil áskorun vegna sífelldra breytinga í stafrænum heimi. Rafræn gögn og varðveisla þeirra krefst einnig mikillar orku og þó að Íslendinga skorti ekki orku nú er rétt að horfa til framtíðar og umhverfissjónarmiða. Prentun á litlu upplagi á heimildaútgáfu samhliða rafrænni útgáfu tryggir varðveislu þeirra til langs tíma og frá sjónarmiði varðveislu eru heimildirnar þá ekki allar settar í sömu körfu, ef svo má segja. Þannig mætti líta á prentaða útgáfu sem öryggisafrit af stafrænni útgáfu auk þess sem það tryggir um leið að ólíkum þörfum neytenda sé mætt. Að lokum má nefna að kostnaður við prentun á hóflegu upplagi bóka er hverfandi í heildarvinnslu heimildanna.

Sögufélag telur verkefnið afar verðugt til að minnast aldarafmælis Hæstaréttar og styður að þessi þingsályktun nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Brynhildur Ingvarsdóttir
framkvæmdastjóri



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2019

Tilv. 1910236/0.7.3

Efni: Umsögn - Þingsályktunartillaga um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar - 232. mál

Vísað er í tölvubréf frá nefndasviði Alþingis dags. 23. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Þjóðskjalasafns Íslands á þingsályktunartillögu um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar. Þjóðskjalasafn vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

Að mati Þjóðskjalasafns Íslands er útgáfa á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi mikilvægt skref í að gera heimildir æðsta dómsstóls í sögu landsins aðgengilegri en nú er, en rétturinn starfaði á árunum 1563-1800. Skjöl Yfirréttarins geyma þó ekki eingöngu heimildir um réttarsögu landsins á tímabilinu heldur einnig mikilvægar heimildir um sögu lands og þegna þar sem dómar Yfirréttarins endurspeglar viðhorf og ástand landsmála um langt árabil.

Þjóðskjalasafn hefur undanfarin ár lagt áherslu á útgáfu á frumheimildum úr safnkostinum, bæði á prenti og á vef. Stærsta verkefnið síðustu ár hefur verið útgáfa skjala Landsnefndarinnar fyrri sem starfaði á árunum 1770-1771 en nú hafa verið gefin út alls fjögur bindi af sex auk birtingar skjala og uppskrifta þeirra á sérstökum vef, www.landsnefndin.is. Útgáfa skjala Landsnefndarinnar fyrri er í samstarfi við Sögufélag. Þetta verkefni er enn í vinnslu og lýkur árið 2021. Fyrirmynd að útgáfu dóma og skjala Yfirréttarins er útgáfa skjala Landsnefndarinnar.

Með útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi er stefnt að því að gefa út alls tíu bindi en fyrsta bindið kom út árið 2011. Gert er ráð fyrir að síðasta bindið komi út ekki seinna en árið 2030. Samhliða útgáfu á prenti verða gögnin birt á vef til að tryggja betra aðgengi að gögnunum. Með útgáfu á prenti og á vef er komið á móts við bæði þá sem kjósa að eiga vandaða prentgripi og þá sem nota vefefni við heimildaleit og notkun. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni eru skjöl Yfirréttarins ekki varðveitt á einum stað og því hefur safnið í heild sinni verið afar óaðgengilegt en úr því verður bætt með prent- og vefútgáfu.

Í Þjóðskjalasafni Íslands er mikil sérfræðipækking fyrir hendi um Yfirréttinn og skjöl hans og því eðlilegt að verkefnið verði unnið að stærstum hluta þar í samstarfi við Sögufélag sem sér um útgáfu. Þegar hefur verið lagður grunnur að næstu þremur bindum verkefnisins og mikil vinna verið lögð í að leita upp heimildir og skrifa upp skjöl til útgáfu.

Þjóðskjalasafn Íslands styður að þingsályktunartillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Hrefna Róbertsdóttir
Þjóðskjalavörður